

Efni: Drög að ályktun Hafnasambandsþings á Akureyri 24.-25. október 2024

Um skatta og gjöld

Afkoma hafnarsjóða vítt og breytt um landið hefur styrkst á síðustu árum, fyrst og fremst vegna þjónustu við farþegaskip sem hafa viðkomu á yfir 30 höfnum í öllum landsfjórðungum. Þessi viðbót í starfsemi hafna, ekki síst á landsbyggðinni, hefur skapað margvísleg störf og þjónustu sem og tækifæri til viðhalds og uppbyggingar. Það er því verulegt áhyggjuefni að fyrirætlanir stjórnvalda um skattheimtu á farþegaskip, séu að setja í uppnám áframhaldandi komur þeirra til íslenskra hafna.

Hafnasambandsþing haldið á Akureyri 24.-25. október 2024, leggur ríka áherslu á að skattheimta á þessar siglingar verði útfærð með þeim hætti að tryggðar verði áframhaldandi siglingar farþegaskipa til jafnt stærri sem smærri hafna landsins. Jafnframt er minnt á skyldu ríkisins að framkvæma mat á áhrifum lagabreytinga á fjárhag sveitarfélaga sbr. 129.gr sveitarstjórnarlaga.

Að leggja á skatta með engum fyrirvara, án þess að fara í gegnum hefðbundið kynningarferli og samráð við hagsmunaaðila er einnig til þess fallið að fæla skipafélög frá siglingum til Íslands. Ferðir skipa eru skipulagðar og seldar með löngum fyrirvara, skyndilegar breytingar skatta og gjalda geta því valdið gríðarlegu fjártjóni til lengri tíma, fyrir hafnir, fyrir þjónustuaðila og fyrir samfélögin um allt land. Einnig getur það sett framkvæmdir hafna í uppnám, bæði sem hafnar eru og þær sem eru fyrirhugaðar, m.a. við rafvæðingu hafnanna.

Ákvörðun Alþingis á sl. vori um upptöku svonefnds „eldisgjalds“ vegna eldisfisks í sjókvíum sem lestaðar eru og umskipað í höfnum, eru mikil vonbrigði. Það er skýr stefna Hafnasambandsins að „aflagjald“ sem reiknað er af heildarverðmæti afla, sé lagt á allar sjávarafurðir, hvort sem um er að ræða afla beint úr sjó eða eldisfisk í sjókvíum. Samþykkt Alþingis um útfærslu svonefnds „eldisgjalds“ er bæði óskýr og ómarkviss og enginn skýr rökstuðningur fyrir því sértæka gjaldi.

Mikilvægt er að gjaldtaka á þessum sjávarafurðum úr sjóeldi sé bæði fyrirsjáanleg og byggð á traustum grunni líkt eins og raunin er með aflagjaldið. Hafnasambandsþing telur brýnt að ákvæðum um gjaldtöku á eldisfiski verði breytt í aflagjald. Samhliða því verði unnin heildarendurskoðun á gildandi hafnalögum líkt og sambandið hefur lagt fram skýrar tillögur um.

Hafnasambandsþing bendir á það ósamræmi að vinna við nauðsynlegar breytingar á tekjustofnum hafna geti tekið ár og jafnvel áratugi, en breytingar á tekjustofnum ríkisins af starfsemi tengdri höfnum eigi að keyra í gegn nánast fyrirvaralaust og án eðlilegs samráðs.

Um öryggismál og eftirlit

Hafnasambandið ítrekar tillögur sínar til innviðaráðuneytis að þegar í stað verði hafin vinna við öryggisúttekt og stefnumótun vegna siglinga stórskipa við strendur landsins. Brýnt er að settar verði

skýrar reglur um alla öryggisþætti, viðbrögð, þjónustu og stjórnun þessara skipa, með tilliti til þeirrar áhættu sem skapast getur á siglingaleið og við hafnir, m.a. vegna oft á tíðum óblíðra veðurskilyrða.

Hafnir landsins eru mikilvægur hluti í innviðþjónustu á landsvísu, hvort heldur er varðandi vöruflutninga eða samgöngur milli landa eða innanlands. Hafnir eru einnig mikilvægur öryggisventill til að tryggja aðföng og umferð til og frá landinu. Hafnarstarfsemi hefur tekið stakkaskiptum á umliðnum áratugum, með stórauðnum skipakomum og flutningum til og frá landinu og uppbyggingu öflugra hafnarsvæða vítt og breitt um landið.

Hafnasambandsþing gerir alvarlega athugasemd við þá tillögu um breytingu á tollalögum sem lögð hefur verið fram á Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga, að tollayfirvöldum sé veittur aðgangur að rafrænni vöktun á hafnasvæðum, “bæði endurgjaldslaust og á því tæknilega formi og með þeim hætti sem tollayfirvöld mæla fyrir um.” Með slíku ákvæði er verið að færa stjórnun á myndeftirlitskerfum á höfnum yfir í hendur tollayfirvalda – en rekstur og allur kostnaður vegna tæknibúnaðar og tæknivinnslu skal vera á hendi hafnasjóða. Hafnasambandið telur núverandi ákvæði í hafnalögum fullnægjandi fyrir aðgengi opinberra aðila. Nærtækara er að tollayfirvöld setji upp myndavélar og beri kostnað af þeim, á þeim hafnarsvæðum sem þau telja ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Um framkvæmdir og samgönguáætlun

Hafnasambandsþing bendir á að á fyrsta fimm ára framkvæmdatíma samgönguáætlunar frá 2024 til 2028, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, er ekki gert ráð fyrir nema 6,1 milljarði króna til nýrra framkvæmda. Fyrir þetta sama tímabil sóttu hafnarsjóðir landsins um framlög upp á 36 milljarða til brýnna framkvæmda sem falla að meginmarkmiðum og áherslum samgönguáætlunar.

Það er því augljóst að það vantar mikið upp á að hafnir landsins geti haldið áfram þeirri þróun og uppbyggingu sem brýn þörf er á. Hafnasamband Íslands leggur ríka áherslu á að málefnum hafna og þörf á uppbyggingu og endurbótum verði gefinn ríkur gaumur við yfirferð og afgreiðslu samgönguáætlunar á nýju þingi.

Íslenskar hafnir standa nú frammi fyrir stórverkefni við uppsetningu á búnaði til orkuskipta fyrir smærri sem stærri skip. Orkuhafnir eru nær í tíma en margan órar og það er brýnt að unnið verði skipulega og markvisst að þeirri uppbyggingu.

Tryggja verður orku í nægjanlegu magni til allra helstu hafnarsvæða og einnig þarf ríkari skilning og raunverulegan stuðning frá stjórnvöldum við uppbyggingu orkumannvirkja, landtenginga, og hleðslustöðva – þannig að íslenskar hafnir geti verið í fararbroddi í öllum þáttum umhverfismála.